

## Gæðastefna Viðlagatryggingar Íslands

---

### Tilgangur

Tilgangur gæðastefnu Viðlagatryggingar Íslands (VTÍ) er að tryggja að gæði vinnu og þjónustu haldist stöðug og að þjónusta stofnunarinnar sé í samræmi við væntingar viðskiptavina, samstarfsaðila og starfsmanna.

Í stefnunni felst að:

Öll starfsemi VTÍ skal uppfylla þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar.

VTÍ skal hafa tiltækt hæft starfsfólk, vinnuumhverfi og búnað til að stuðla að fullnægjandi gæðum.

VTÍ skal nota áreiðanlegar og viðurkenndar rannsóknaraðferðir við tjónamat.

VTÍ skal viðhalda ISO9001 vottun.

Markvisst skal viðhalda og bæta stefnur og verkferla stofnunarinnar með endurskoðun og innri úttektum.

### Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á gæðastefnu VTÍ.

Gæðafulltrúi ber ábyrgð á að verklagsreglur og vinnulýsingar séu endurskoðaðar skv. endurskoðunaráætlun ferla, UPL197.

Starfsmönnum og verkþökum VTÍ ber að fylgja gæðastefnunni.

Reykjavík, 21. maí 2015

Stjórn VTÍ hefur samþykkt þessa stefnu og styður við framkvæmd hennar.

Stefna þessi var fyrst útgefin í október 2011